

AUGLÝSING um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

Smáraflöt 11, óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.

Með breytingunni er gert ráð fyrir að hámarks lengd á brunagafli bílskúrs við lóðarmörk verði 28,49 metrar.

Hvannakur 7, óveruleg breyting á deiliskipulagi Akra.

Með breytingunni er gert ráð því að ytri byggingarreitur á suðurhlíð sé nýttur um $\frac{3}{4}$ í stað $\frac{1}{2}$ eins og skilmálar heimila.

Smíðsbúð 7, óveruleg breyting á deiliskipulagi Búða.

Með breytingunni er gert ráð fyrir lengingu byggingarreits á baklóð og að byggingarreitur á langhlíð færist að núverandi byggingu.

Keldugata 2-20, óveruleg breyting á deiliskipulagi Urriðaholts vestur.

Breytingin er númerabreyting. Keldugata 4-6 verður Keldugata 4. Keldugata 8-12 verður Keldugata 6-12. Keldugata 14-20 verður Keldugata 14.

Rjúpnahæð 13, óveruleg breyting á deiliskipulagi Hæðahverfis (Bæjargil, II. áfangi).

Breytingin heimilar er að byggja 90 m² viðbyggingu á baklóð, utan byggingarreits.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. september 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2019